

Viðauki við líftryggingu

1. DÁNARBÆTUR BARNA

Ef lifandi fætt barn vátryggðs yngra en 3ja mánaða, andast á vátryggingartímanum greiðir félagið dánarbætur kr. 200.000.

Ef barn vátryggðs, 3ja mánaða til 18 ára gamalt andast á vátryggingartímanum greiðir félagið dánarbætur kr. 500.000.

Bætur skv. grein þessari greiðast til kynforeldra barnsins. Sé barn ættleitt greiðast bætur til kjörforeldris/foreldra og um leið fellur niður réttur kynforeldris/foreldra ef lagatengsl þess við barnið hafa fallið niður samkvæmt 25. gr. laga nr. 130/1999 um ættleiðingu.

Greiðsla bóta skv. þessari grein hefur ekki áhrif á tryggingu vátryggðs.

Ef bætur greiðast til fleiri en eins aðila vegna sama barns skiptast greiðslur jafnt milli aðila.

Skilmálar nr. VL175
Gildir frá og með 15.05.2005
Viðauki við einstaklingslíftryggingar
OKKAR líftrygginga hf.

Frá og með 01.01.2026 er fjárhæðin
2.000.000 kr.